

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	23.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Birna Pála Kristinsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir gerðar.

Ný losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri hafa nú tekið gildi þar sem framleiðsla síðustu 2ja ára hefur farið yfir 200.000 tonn.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Niðurstöður eftirlits 2015 - staða úrbótaverkefna

Niðurstöður mælinga, vöktunar og skráninga fyrir árið 2015

Rekstur reykhreinsivirkja og losun í loft fyrstu mánuði ársins 2016

Vöktunaráætlun

Önnur mál

Á árinu 2015 voru 2 frávik skráð við eftirlit, annað varðaði hávaða frá löndunarbúnaði og hitt ryklosun frá löndunarbúnaði. Bætt hefur verið úr báðum frávikum. Gerð hefur verið áætlun um að hanna og koma fyrir hljóðdeyfi á löndunarbúnað fyrir súrál og hefur sú áætlun verið samþykkt. Þá voru gerðar endurbætur á ryksafnara við löndunarbúnað í nóvember á síðasta ári og hafa þær þegar skilað árangri til minnkunar á ryklosun sem er í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Grænt bókhald, útstreymisbókhald og niðurstöður vöktunar hafa borist Umhverfisstofnun. Heildarframleiðsla áls á síðasta ári var 200.501 tonn. Magn mengunarefna í útblásturslofti voru í heildina undir losunarmörkum í starfsleyfi. Heildarmagn flúoríðs var 0,72 kg/t Al en mörkin eru 1,0 kg/t Al. Heildarmagn ryks var 0,73 en mörkin eru 1,5 kg/t Al, þá var losun brennisteinstvíoxíðs 14 kg/t Al en mörki eru 21 kg/t Al. Auk vöktunar á beinni losun í útblæstri fer fram umhverfisvöktun í nágrenni álvers Rio Tinto Alcan á Íslandi. Árið 2015 var vöktun á loftgæðum og gróðri. Niðurstöður loftgæðamælinga voru undir heilsuverndar og gróðurverndarmörkum fyrir utan tvo daga í janúar en þá mátti rekja háan styrk brennisteinstvíoxíðs til eldgossins í Holuhrauni sem enn stóð yfir. Niðurstöður gróðurmælinga voru svipaðar og undanfarin ár en þó hefur styrkur flúors í laufsýnum hækkað miðað við undanfarin ár og er raunar sá hæsti frá árinu 1988. Líklegt er að framleiðsluaukning síðustu ára hafi hér áhrif. Vorsýni og meðalgildi fyrir flúor í laufum á Garðaholti eru yfir 30 ppm, þ.e. þolmörkum viðkvæms gróðurs, en önnur sýni vel undir.

Þar sem heildarframleiðsla áls hefur farið yfir 200.000 tonn síðastliðinn 2 ár hafa ný losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri tekið gildi fyrir árið 2016 eða 0,65 kg/t Al fyrir flúoríð, 1,2 kg/t Al fyrir ryk og 18 kg/t Al fyrir brennisteinstvíoxíð. Skv. fyrstu ársfjórðungsskýrslu var heildarlosun mengunarefna undir ofangreindum mörkum. Umhverfisstofnun hefur á fyrstu 6 mánuðum ársins fengið 5 tilkynningar um röskun á virkni reykhreinsibúnaðar. Ekki var um alvarlegar raskanir að ræða og búnaður í flestum tilfellum orðin fullvirkur innan 2ja tíma. Rekstraraðili er með stöðugar kasettumælingar í rjáfri til að geta fylgst með losun flúors og ryks og er það umfram það sem fram kemur í mæliáætlun. Þetta er gert þar sem enn er verið að stilla inn nýjar þurrhreinsistöðvar og því von á einhverri röskun á starfssemi þeirra sem leiðir til aukinnar losunar um rjáfur.

Í skoðunarferð var gengið um flæðigryfju sem er að fyllast en rekstraraðili hefur áform um stækkun hennar. Hafnarfjarðabær hefur samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það. Þá var farið í skoðunarferð um steypuskála.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2016

Sigríður Kristjánsdóttir